

Gjöld:

135

Kostnaður sjóðsins	kr.	893 44	
Eign til næsta árs	—	324 93	
			kr. 1218 37

Forseti amtsráðs Norðuramtsins Akureyri, 29. okt. 1906.

Guðl. Guðmundsson.

Auglýsing

um

útvegum á girðingarefni um árið 1907.

136

7. nóvbr.

Stjórnarráðið útvegar á næsta ári, samkvæmt lögum um gaddavirsgirðingar frá 20. október 1905 og ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingaefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.

Girðingarefnið er samskonar og getur um í auglýsing stjórnarráðsins frá 1. október 1904, sbr. reglugerð 24. maí s. á.

Fyrir hvert fjelag útvegar stjórnarráðið ekki minna af hverri tegund girðingarefnisins, en hjer greinir:

100 pund af gaddavir, áætlað verð	13 kr. 25 a.
100 stykki af járnteinum, 65 þml. löngum, áætlað verð.	43 » 25 »
100 » » » 52 » » » »	34 » 75 »
100 » » » 42 » » » »	29 »
100 » » » 33 » » » »	23 »
100 » » » 24 » « » »	17 » 50 »
100 » vinkilbeygðum járnstólpum 65 þml. löngum, áætlað verð	63 » 50 »
100 » af flötum » 43 » » » »	33 » 20 »

Girðingarefnið verður eigi flutt á aðrar en þær, þar sem strandferðaskipin eiga að koma við, og ber í pöntununum að til greina, á hverja höfn það skuli senda og hver veiti því þar móttöku. Eptir að girðingarefnið er komið á höfnina, er það í ábyrgð kaupanda. Girðingarefnið verður sent á hinar tilteknu hafnir svo snemma á næsta sumri, sem audið er. Móttakanda ber strax eptir móttöku efnisins að rannsaka vottfast, hvort hann hafi fengið alt það efni, er hann átti að fá, og ef nokkuð vantar, gera skipstjóra þegar aðvart, ef fært er, og senda stjórnarráðinu tafarlaust tilkynning um, hvað vanti.

Beiðnum um útvegum á girðingarefni skal fylgja í peningum verð þess girðingarefnis, sem beið er um, samkvæmt verðskrá þeirri, sem stendur hjer á undan. Í stað peninga má og senda ávisun fyrir upphæðinni á Landsbankann, eða Íslandsbanka, í Reykjavík, ef bankastjórnin hefur ritað á ávisunina, að upphæð hennar verði greidd stjórnarráðinu af bankanum, er stjórnarráðið krefst þess.

Beiðnir frá hreppsnefndum um útvegum á girðingarefni skulu vera undir-

136 ritaðir af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslu-
7. nóvbr. manns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslu-
maður út eptir akvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja
vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag, eða
samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnar-
ráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta
honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð
þetta út.

Beiðnir um útvegum á girðingarefni, samkvæmt framansögðu, verða að
vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Í stjórnarráði Íslands 7. nóvember 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

137

10. oktbr.

Auglýsing

um

ákvörðum tímans við starfrækslu landsímanna og póstpjónustuna.

Við starfrækslu landssímanna og póstpjónustuna skal fara eptir einum og
sama tíma á öllu Íslandi, er sje miðtiminn á 15. lengdarstigi fyrir vestan Greenwich.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 10. október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Embættaskipun og lausn m. m.

Lausn.

13. nóvbr. var presti að Mýrdalsþingum, Jes A. Gíslasyni, veitt lausn frá embætti án
eptirlauna, samkvæmt umsókn hans.

Óveitt embætti.

Laust prestakall.

Mýrdalsþing í Vestur Skaptafellsprófastsdæmi (Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatar-
sóknir). Metið kr. 1318.22. — Uppgjafaprestur fær af brauðinu kr. 118.22 upp í eptirlaun
sín. — Veitist frá næstkomandi fardögum. Auglýst 15. nóvbr. 1906. Umsóknarfrestur til
16. janúar 1907.